

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/19

frá 16. febrúar 2000

um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Austurríki(*)

(tilkynnt með numri C(2000) 375)

(2000/171/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á svíði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB ⁽²⁾, einkum 6. gr,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðildarríkin geta öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar, sem er laus við tiltekna fisksjúkdóma, fyrir fiskeldisstöðvar á svæðum sem eru ekki viðurkennd með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og veirublóðeitrunar (VHS).
- 2) Austurríki lagði fyrir framkvæmdastjórnina vitnisburð því til stuðnings að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar fyrir eina eldisstöð með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrunar ásamt innlendum ákvæðum sem tryggja að farið sé að reglum um viðhald samþykkis.
- 3) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafa kannað vitnisburðinn sem Austurríki lagði fram um viðkomandi eldisstöð.

- 4) Könnunin hefur leitt í ljós að eldisstöðin stenst kröfur 6. gr. tilskipunar 91/67/EBE.
- 5) Viðkomandi eldisstöð getur því öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Hér með verður fiskeldisstöðin, sem um getur í viðaukanum, viðurkennd eldisstöð á svæði sem ekki er viðurkennt með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrunar.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIDAUKEI

VIDURKENND FISKELDISSTÖÐ Í AUSTURRÍKI MED TILLITI TIL SMITANDI BLÓÐMYNDANDI FRUMUDAÐA OG VEIRUBLÓÐEITRUNAR

Alois Köttl
Forellenzucht Alois Köttl
A - 4872 Neukirchen a.d. Vöckla

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjóð. EB L 55, 29.2.2000, bls. 70, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 13.

(¹) Stjóð. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

(²) Stjóð. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.